

Vestmannaeyjar fyrir gos

FIMMTA Eyjaskinnan er efnismikil og fróðleg, þó að hún láti ekki mikið yfir sér hið ytra.

SÖGURIT VESTMANNAEYJA

Bókmenntir

Sigurjón Björnsson

Eyjaskinna

Rit Sögufélags Vestmannaeyja, 5. rit.
Sögufélag Vestmannaeyja 1992, 103 bls.

Sögufélag Vestmannaeyja hóf útgáfustarfsemi árið 1982. Þá kom út 1. hefti af Eyjaskinnu. Hún birtist nú í fimmta sinn, en auk þess hafa komið út tvö myndarleg fylgirit í sama broti, Sóknarlýsingar Vestmannaeyja (1988) og merk ritgerð Kristjáns Eiríkssonar um Bjargnytjar í Vestmannaeyjum (1990). Frétt hef ég að von sé á þriðja fylgiritinu innan tíðar með verulega áhugaverðu efni.

Eyjaskinna hin fimmta flytur fjölbreytilegt og áhugavert efni eins og forverjar hennar. Forystugreinin er Brot úr sögu kvenfélagsins Líknar eftir fyrrverandi formann félagsins Önnu Þorsteinsdóttur. Er greinin skrifuð í tilefni af áttatíu ára afmæli félagsins. Þetta félag hefur vissulega borið nafn sitt með réttu, svo mörgum sem það hefur rétt líkandi hönd og stutt að heilbrigðismálum og öðrum velferðarmálum. Hrafnhildur Schram listfræðingur á hér greinina Sjálfsmyndir Júlíönu Sveinsdóttur. Fylgja greininni fjórar litprentanir af sjálfsmyndum hennar. Júlíana var Vestmanneyingur og Eyjarnar fylgd henni alla tíð eða eins og Hrafnhildur segir: „Eyjarnar urðu er fram leið leiðarstef og mikilvægur kaffi listar hennar og má þar segja að hún hafi samsamað sig myndefni sínu.“ Þessi stutta grein (3 bls.) þar sem rýnt er í sjálfsmyndirnar er mæta vel skrifuð og af þeirri næmni og tilfinningu fyrir innra lífi listamanns sem Hrafnhildur er kunn fyrir af öðrum ritgerðum.

Ritgerð eftir Margréti Hermanns-Auðardóttur fornleifafræðing nefnist Hagsmunaátök í Eyjum á ofanverðum miðöldum? Aldur manna-beina er fundust í Eyjum 1953 og

1978. Er skýrt vandlega frá þessum beinafundum eftir skýrslum sem þá voru gerðar. Bein þessi voru aldursgreind með geislakolsaðferð og virðast þau vera frá 14.-15. öld. Höfundur ræðir síðan um af hverjum þessi bein kunni að hafa verið. Þetta er vönduð ritgerð með skýringarmyndum, athugasemjum og heimildaskrá. Þess má geta að Margrét vann um árabíl að fornleifarannsóknir í Herjólfssdal og birti um þær merka ritgerð í 1. hefti Eyjaskinnu.

Hafsvala í Bjarnarey nefnist ritgerð eftir Jóhann Óla Hilmarsson og Erp Snæ Hansen. Þeir félagar dvöldust í nokkra daga við fuglaathuganir í Bjarnarey sumarið 1988. Eina nóttina kom hafsvala (Oceanites oceanicus) í net þeirra og er það í fyrsta sinn sem sá fugl finnst á Íslandi. Greinin er lýsing á fuglinum og háttum hans og fylgja nokkrar myndir. Þessari grein fylgir heimildaskrá og útdráttur á ensku. Haraldur Guðnason segir í stuttri grein sögu Norræna félagsins í Eyjum. Það var stofnað árið 1957, en mun nú vera andað. Heldur er það dapurleg saga. Hermann Einarsson kennari hefur hér tekið saman þátt um Ása í Bæ, þann merka og litríka Eyjamann. Var sá þáttur fluttur á minningarkvöldi 12. maí 1989, en þá hefði Ási orðið 75 ára. Þessi þáttur er vel gerður og bregður upp lifandi mynd af þessum sérstæða manni. Lokaritgerðin nefnist Verslun í Vestmannaeyjum í lok 19. aldar. Grein þessi er eftir Sigurði Sigurfinnsson (d. 1916) og birtist upphaflega árið 1894. Greinin ber með sér að hún er blaðgrein, rituð í ákveðnum tilgangi, þeim að bæti verslunarhætti sem höfundur telur ekki vanþörf á.

Eins og af framangreindu sést er þessi fimmta Eyjaskinna efnismikil og fróðleg, þó að hún láti ekki mikið yfir sér hið ytra. Talsvert er af myndum í ritinu. Það er prentað á góðan pappír. Nokkrar prentvillur rakst ég á t.a.m. hafa ártöl brengrast á tveimur stöðum að ég held.

Prjár íslenskar myndlistarkonur

Frá Hollandi til New York

ÍSLENSKAR myndlistarkonur sýna um þessar mundir verk sín í Hollandi og Bandaríkjunum. Í hollensku borginni Drachten er nýlokið mánaðarlangri sýningu á verkum Borghildar Óskarsdóttur og Guðrúnar Kristjánsdóttur. Í New York stendur yfir sýning á verkum þeirra beggja og Guðnýjar Magnúsdóttur, sem lýkur þann 27 þessa mánaðar. Hún er í Frank Bustamente Gallery, á 560 Broadway. Sýningin í Hollandi hlaut góða dóma í blöðum og fer útdráttur eins þeirra hér á eftir.

Galleríið "van de Lawei" hóf árið með sýningum tveggja erlendra myndlistarmanna: Borghildur Óskarsdóttir og Guðrún Kristjánsdóttir komu með verk frá Íslandi til Drachten og settu sjálfar upp sýningu. Útkoman er áhrifarík. Báðar stunduðu þær nám við Myndlista- og handíðaskólann í Reykjavík. Borghildur hélt áfram námi í Skotlandi en Guðrún í Suður-Frakklandi. Þær starfa nú báðar í Reykjavík og list þeirra hefur norrænt yfirbragð svo ekki verður um villst. Keramikverk Borghildar, á gólfinu, minna á akur með forsögulegum gripum. Dökkir litir eins og gamall steinn og bein form sem ekki verður skipað í flokk eins og fornar rúnir. Hrjúft yfirborð líkt og gamlar áletranir sem orðnar eru ólesar. Í málverkum Guðrúnar Kristjánsdóttur sést viðlíka blanda af hörku, ákveðnum formum og nákvæmri afstöðu hluta. Hún skapar stílfærða mynd af íslensku landslagi í brúnu, gráu og ísbláu, lífgar finlega upp á tilbreytingarlausar sléttur með smágerðu og kerfisbundnu málverki. Verkin á sýningunni hafa sterkan svip einfaldleika, agaðra forma og lita, og fyrirkomulags þessa. (Leeuwarder Courant, 16/1)

UM HELGINA

Myndlist

Á morgun, laugardaginn 13. febrúar, opna tvær listsýningar að Kjarvalsstöðum. Sýningin í vestursal nefnist „Hvað náttúran gefur,“ og er samnorraen farandsýning, en í austursal sýnir Guðrún Einarssdóttir málverk. Sýningarnar standa til 7. mars.

Norræna farandsýningin hefur verið á ferð um öll Norðurlönd frá 15. ágúst 1991, og eru Kjarvalsstaðir endastöð hennar. Á sýningunni gefur að líta verk eftir tug norræna listamanna, þá Annette Holdsen og John Olsen frá Danmörku, Kain Tapper og Jukka Mäkelä frá Finnlandi, Jóhann Eyfells og Gunnar Örn frá Íslandi, Bård Breivik og Kjell Nupen frá Noregi og Laris Strunke og hans Wigert frá Svíþjóð. Allir sýna listamennirnir náttúruna og afurðir hennar á umhugsunarverðan og aðlaðandi hátt, segir í fréttatilkynningu frá Kjarvalsstöðum. Norrænu bændasamtökin ásamt fimm listasöfnum á Norðurlöndum standa fyrir sýningunni.

Guðrún Einarssdóttir, sem sýnir í austursal Kjarvalsstaða, er fædd árið 1957, og hefur bæði haldið einkasýningar á málverkum sínum og tekið þátt í samsýningum. Hún hefur tileinkað sér óhlutbundið myndmál, sem er fyrir löngu orðið viðurkenndur hluti af íslenski listasögu, og hefur vakið talsverða athygli fyrir myndir sínar.

Magnús Pálsson opnar sýningu á raddskúlpúttur í Gallerí 11 á morgun laugardag kl. 15.99.


Nafn sýningarinnar er Enginn gleypir sólna 2. rjóður. Hér er um að ræða raddskúlpúttur sem settur er fram með 8 hátölurum en texti verksins byggist á íslenskum orðatiltækjum og húsgöngum. Magnús sýndi fyrst árið 1967 og hefur síðan verið virkur þáttakandi í róttækri endurskoðun á aðferðum og hugsunarhætti innan íslenskrar myndlistar, m.a. með SÚM, Nýlistasafninu og í fjöltæknideild Myndlistar- og handíðaskólans. Sýningu Magnúsar lýkur 25. febrúar.

Bragi Ásgeirsson gestalistamaður í Lifthúsi í Laugardal.

Bragi Ásgeirsson málar er gestalistamaður í miðrymi Lifthúss í Laugardal um þessar mundir, og sýnir hann mestmegnis málverk sem sýnd voru á kynningarsýningu í borgunum Osaka og Tokyo í Japan í mars og desember á síðasta ári. Hafa sum þessara myndverka aldrei verið sýnd á Íslandi. Sýningunni lýkur 18. febrúar næstkomandi.

Kolbrún Kjarval opnar sýningu á verkum sínum í Stöðlakoti við Bókhlöðustíg á morgun, laugardag.

Á sýningunni eru leirmyndir unnir úr jarð- og steinleir. Kolbrún hefur starfað að leirmunagerð frá 1968 og er þetta fimmta einkasýning hennar, en auk þess hefur hún tekið þátt í



fjölda samsýninga heima og erlendis. Sýningunni í Stöðlakoti lýkur 28. feb.

Ásgeir Smári Einarsson opnar sýningu á olíuverkum sínum í Gallerí Föld á morgun, laugardag 13. feb.

Ásgeir Smári er fæddur árið 1956 og stundaði nám hér heima og í Þýskalandi. Hann hefur haldið 11 einkasýningar hérlendis og erlendis, auk þáttöku í fjölda samsýninga. Sýningu hans lýkur 27. feb.

Ljóðasöngvar Margrétar og Kristins

Margrét Bóasdóttir, sópransöngkona, og Kristinn Örn Kristinsson, pianóleikari, halda fimm ljóðatónleika á Norðurlandi og í Reykjavík í febrúarmánaði. Á efnisskránni eru verk eftir m.a. Jón Laxdal, Schubert, Schumann, Mendelssohn, Hugo Wolf og þingeysk tónskáld.

Fyrstu tónleikarnir eru í Safnahúsi Húsavíkur í kvöld föstudaginn 12. febrúar kl. 20.30, aðrir á morgun, laugardaginn 13. feb. kl. 17.00 í Safnaðarheimili Akureyrarkirkju, og hinir þriðju verða haldnir að

Breiðumýri í Reykjadal, Suður-Pingeyjarsýslu sunnudaginn 12. febrúar kl. 16.00. Fjórðu tónleikarnir verða síðan laugardaginn 20. febrúar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar og hefjast kl. 17.00, og þeir

fimmtu þriðjudaginn 23. febrúar kl. 20.30, einnig í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar. Á efnisskrá tónleikanna eru ljóðasöngvar um konur og ástina: Lagaflokkurinn „Helga fagra“ eftir Jón Laxdal, ljóð Suleiku og Philine úr kvæðasafni Goethes við tónverk Schuberts, Schumanns, Mendelssohns og Hugos Wolf, söngvar um Maríu Guðsmóður eftir Áskel Jónsson og Karl O. Runólfsson, auk laga eftir þingeysk tónskáld.

ÚTSALAN Í FULLUM GANGI
Ath: Tökum upp nýjar vörur á hverjum degi.

Toppskórinn
VELTUSUNDI • SÍMI 21212

Opnið laugardag kl. 10-14.